**HULDA HÁKON** (f. 1956). Býr í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Nam myndlist við Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands1977–81 og við School of Visual Arts, New York 1983. Meðal fyrstu sýninga sem Hulda tók þátt í hér á landi voru Gullströndin andar 1983 og Hér og nú á Kjarvalsstöðum 1985. Fyrstu einkasýninguan hélt hún í Visual Arts Gallery, New York, 1983. Hún hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um heim. Hulda var fulltrúi Íslands á Sydney tvíæringnum 1990 og ARS 95, 1995 .

Verk eftir Huldu eru í eigu helstu listasafna á Íslandi og nokkurra erlendra safna. Má þar nefna Kiasma-safnið í Finnlandi og Malmö Museum í Svíþjóð. Verk hennar er einnig að finna í opinberu rými á Íslandi, í Finnlandi og Noregi.



Lágmyndir eftir Huldu eru í einkaeigu á Íslandi, Grænlandi, í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Eistlandi, Þýskalandi, Hollandi, Sviss, Spáni, Bandaríkjunum, Bretlandi, Kína og Ástralíu.

Hulda og Jóni Óskar eiginmaður hennar, eiga og reka kaffistofuna Grái kötturinn á Hverfisgötu í Reykjavík.

Hulda Hákon (b. 1956) studied pictorial art at the Mixed media department of the Icelandic School of Arts and Crafts 1977–1981 and continued her studies at the Academy of Visual Arts, New York in 1983. Her first private exhibition was in the Visual Arts Gallery in New York in 1983. Hákon has since actively exhibited her works far and wide and represented Iceland at the Sydney Biennial in 1990 and ARS in 1995.

Hákon's works are owned by all major art galleries in Iceland and some abroad, including the Kiasma in Finland and Malmö Museum in Sweden. Her works can also be found in public spaces in Iceland, Finland and Norway.

Bas-reliefs by Hákon are privately owned in Iceland, Greenland, Denmark, Sweden, Norway, Finland, Estonia, Germany, the Netherlands, Swiss, Spain, USA, the UK, China and Australia.

Hákon and her husband own and run the small and characteristic café Grái kötturinn (The Grey Cat) at Hverfisgata, Reykjavík, a popular hangout of local artists.

**Upplýsingar** / Information:
huldahakon@gmail.com



Sr. Kristján Björnsson er sóknarprestur Eyrarbakkaprestakalls, formaður Prestafélags Íslands og varaformaður Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar. Guðfræðingur frá HÍ og með framhaldsmentun í klínískri sálgæslu í Bandaríkjunum. Sóknarprestur í Vestur Húnavatnssýslu 1989-98 og í Vestmannaeyjum 1998-2015.

Reverend Kristján Björnsson is vicar at Eyrarbakki parish in South Iceland, director of the Icelandic Associacion of Priests and co-director of the Icelandic Institute for Religion and Reconciliation. He was a vicar in Vestur Húnavatnssýsla in Northern Iceland from 1989–98 and in the Westman Islands between 1998 and 2015.

Útlitshönnun: Magnús Valur • Prentun: Litróf

HULDA HÁKON

# PÉTUR



15. maí - 28. ágúst 2016

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

34. starfsár

listvinafelag.is




**Pétur** / Peter
Akríllitir á hydrocal, MDF og P-38
/ Acrylics on wood, MDF and P38
2016
60 x 56,5 x 34 cm

**Skipbrotsmannaskýlið á Faxaskeri**
/ The Castaway Shelter at Faxasker
Akríllitir á tré, MDF, járn og P-38
/ Acrylics on wood, iron and P38
2016
29 x 274,5 x 5 cm

**Eldhaf** / Sea of Fire
Akríllitir á tré / Acrylics on wood
2016
29 x 274,5 x 5 cm

**Háfadjúp** / Dogfish Deep
Akríllitir á tré og hydrocal
/ Acrylics on wood and hydrocal
2013
120 x 120 x 12 cm

## Pétur

Hulda Hákon sýnir hér fjögur verk á sýningu sem hún kallar Pétur og felast í því tilvísanir í nútíma og túlkun á myndmáli ríkulegrar trúarsögu. Hulda leggur upp með túlkun sína á Pétri við hafið og kemur hafið fyrir í öllum verkunum á einn eða annan hátt. Í verkunum er öflug heimfærsla til hafsins við Heimaey. Listaverkin nefnir hún Pétur (að stíga fyrstu skrefin á vatninu að áeggjan Jesú), Eldhaf, Skipbrotsmannaskýlið á Faxaskeri og Háfadjúp (fiskimið austan við Heimaey).

Símon Pétur var fiskimaður við Genesaretvatn en varð einn af fyrstu lærisveinum Jesú frá Nazaret þegar hann fylgdi bróður sínum, Andrési, til hans samkvæmt frásögn Jóhannesarguðspjalls. Andrés hafði verið lærisveinn Jóhannesar skírara en varð fyrstur til að fylgja Jesú og tók bróður sinn með sér. Pétur hét áður Simeon sonur Yonah (שמעון בר יונה) en Jesús gaf honum nýtt nafn og nefndi hann Petros og er það dregið af orðinu Petra sem merkir klettur. Símon var frá Bethsaida nálægt þeim stað þar sem Jórdaná fellur í Genesaretvatn. Bethsaida merkir hús veiðimannsins og hann var því fæddur til að fiska. Þeir hafa líklega talað saman á arameísku og er klettur á arameísku Kappa og svipað á hebresku, Kepha, umskrifað Kefas, sem er hið hebreska nafn Péturs. Kletturinn birtist hér í nokkrum myndum en þetta heiti Símonar er kynnt í samtali þeirra Jesú samkvæmt Matteusarguðspjalli þegar hann segir: „Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og máttur heljar mun ekki á henni sigrast“. Í íslenskri kirkjumenningu finna sig margir í Pétri af því að hann var bláber hversdagsmaður.

Hulda Hákon gengur út frá þessu stefi í verkum sínum sem öll hafa í sér fólgna ógn og heljartök náttúruaflanna en jafnframt þessa öruggu vissu um björgun og vernd. Skipbrotsmannaskýli var reist af Kvenfélagskonunum í Eykyndli eftir hörmulegan sjóskaða á skerinu norðan við klettinn Faxa. Faxi gengur norðan úr Ystakletti á Heimaey og milli Faxa og Faxaskers er ein helsta innsiglingin úr vestri til að komast til hafnar í Vestmannaeyjum, í Friðarhöfn. Í ofsaveðri 7. janúar 1950 fórst stærsti vélbátur sem smíðaður hefur verið á Íslandi, Helgi VE 333, á Skelli rétt við Faxasker og tókst hluta af áhöfninni að komast uppá Skerið. Skipsverjar fórust allir og máttu Eyjamenn horfa uppá það úr landi án þess að hægt væri að koma þeim til bjargar. Eftir þennan skaða var skýlið reist og hefur æ síðan verið haldið vel við af slysavarnarfélagsdeildinni Eykyndli með öllum búnaði, ullarfatnaði, neyðarfæði og blysum. Neyðarskýlið minnir á kirkjuna sem reist er á bjargi til varnar eyðandi mætti heljar. Í verki Huldu um skýlið er hafið stillt og minnir á guðspjall Sjómannadagsins þegar Jesús kyrrir haf og lægir storm. Hann kemur sjómönnum sínum í skjól. Hér gæti einnig verið kallast á við upphaf sköpunarinnar þegar Guðs skildi vötnin að og landið kom í ljós.

Í verkinu um fyrstu skref Símons Péturs á vatninu stígur fram íslenskur sjómaður í fullum skrúða sjógallans með hjálminn merktan Pétri. Pétur er kominn hingað á 66° Norður og sá sem sem þarf er til fiskjar hér við land er öryggið uppmálað. Enda þótt Pétur hafi verið kletturinn í hópi lærisveinanna var hann líka framhleypinn, fljóthuga og hugsaði ekki alltaf áður en hann talaði. Margir Íslendingar hafa því samsamað sig Pétri og eiga í honum traustan vin af því að hann er mörgum líkur. Pétur var ógætinn þegar hann afneitaði Jesú en vegna trúar sinnar var hann öruggur og óttalaus þegar hann þurfti að mæta dauða sínum í Róm. Hann byrjaði líka að sökkva fyrst þegar hann steig út á vatnið til að koma til Jesú en eftir hvatningu hans um að trúa gat hann stigið á öldunni.

Eldskírnir Péturs eru nokkrar í frásögnum guðspjallanna. Eldurinn eða reykur af eldi tengist oft birtingu Guðs og bendir jafnvel á fórnina sem Drottinn færði öllu fólki með dauða sínum. Eldurinn minnir líka á ögurstund eða angistarstund Péturs sem beið í hallargarðinum eftir að Jesús hafði verið handtekinn og ornaði sér við eldinn. Þegar hann afneitaði þar Jesú til að bjarga eigin skinni rann það upp fyrir honum sem meistarinn hafði sagt áður um að hann myndi afneita sér. Eldurinn getur verið hreinsandi og jafnvel tákn um lífgefandi mátt. Við tölum um eldamennsku og logandi vitaljós og það bjargar frá háska. Eldurinn yljar og hann heldur rándýrunum í hæfilegri fjarlægð og ekki má gleyma að til forna var eldurinn eitt af frumefnum heimsins. Hulda vinnur út frá því að eldurinn er bæði tortímandi og lífgjafi. Eldhafið er einsog hafið sjálft sem gefur og tekur.




Makríllinn í Háfadjúpi er margbrotin mynd. Fiskurinn er tákn fyrir kirkjuna og í heiti fisksins á grísku, IXÞYS, leynist merkingin Jesús Kristur Guðs Sonur Frelsar. Í makríltorfu eru margir í kirkjunni eða margar kirkjur eða margir sem Kristur frelsar í kirkjunni sinni. Fiskur í Háfadjúpi er í háska vegna hákarlanna en stykur þeirra er að synda saman sem stór og óárennilegur veggur í torfu. Hér vísar fiskurinn einnig til þess er fiskar á net. Pétursfiskur er botnfiskur og hálfgerður nýliði hér við land, líkt og makríll, og veiðist hann helst sem meðafli en þykir góður matfiskur. Orðið Pétursfiskur er samt gamallt orð í máli sjómanna því víða var til siðs að skilja alltaf eftir einn fisk úr hverjum róðri í bátnum til tákns um aflasæld eða gróðafórn. Háfadjúp gæti einnig verið tilvísun í það þegar Jesús segir við Símon Pétur: „Legg þú út á djúpið og leggið net yðar til fiskjar.“ Hulda hefur unnið mörg verk um makrílinn og nefnir þau eftir fiskimiðum og djúpum við Ísland. Hún heillaðist af makríl þegar barnabarn hennar veiddi eitt sinn með henni í Vestmannaeyjahöfn. Hér leikur hún sér að silfurlitum fiskinum með turkis-grænum og svörtum strípum sem minna jafnvel á tígrísdýrið. Í Háfadjúpi er ósagður háski en önnur verk um makrílinn eru m.a. Rósagarðurinn, Háadýpi og Paradísarhola, en það síðastnefnda er eitt af helstu fiskimiðum Grímseyinga. Pétur er sannarlega við hafið, á sjó og heimtur af hafi.

*Sr. Kristján Björnsson, sóknarprestur.*



## Peter

Artist Hulda Hákon displays four new works in an exhibition called *Peter*, bearing both a reference to modern times and an interpretation of the rich imagery of religious history. Hákon represents an artistic rendering of Saint Peter by the ocean, the ocean's presence tangible in all the works in different ways. The ocean is the sea around Heimaey – the largest of the Westman Islands south of Iceland. The names of the individual works are: *Peter* (taking the first steps on the water encouraged by Jesus), *Sea of fire*, *The castaway shelter at Faxasker* and *Dogfish Deep* (fishing grounds east of Heimaey).

Simon Peter was a fisherman on the shores of Lake Geneseret that became one of the first disciples of Jesus of Nasareth, following in the footsteps of his brother Andrew according to the Gospel of St. John. Andrew had been the disciple of John the Baptist but became the first follower of Jesus and brought his brother with him. Peter's former name was Simeon ben Yonah (שמעון בר יונה) but Jesus gave him a new name, Petros, from the Greek word Petra, meaning rock. Simon originated from the village Bethsaida, close to where the river Jordan joins Lake Geneseret. Bethsaida means the house of the fisherman, so Simon was practically born to fish. Him and Jesus probably spoke Arameic between them, the word for rock in that language being Kappa, in Hebrew Kepha, also written as Kefas – the Hebrew name of Saint Peter. The rock appears in some of the pictures. The new name of Simon is introduced in the Gospel of St. Mattew where Jesus says: "And I tell you that you are Peter, and on this rock I will build My church, and the gates of Hades will not prevail against it." In Icelandic church culture, many have identified with Peter as he was a common man.

This is Hulda Hákon's theme in the works, simultaneously including the hidden menace and strong grip of natural forces and the certainty of rescue and protection. A castaway shelter was built by the women's association Eykyndill in the Westman Islands after a tragic accident at sea at the skerry north of the rock Faxi. The rock Faxi is the northernmost part of a larger rock, Ystiklettur, and it is between the rock Faxi and the Skerry of Faxi that the main entrance to Friðarhöfn harbour from the West lies. In a terrible storm on January 7th 1950, the largest motor boat ever built in Iceland, Helgi VE 333, foundered just by the Skerry of Faxi, part of the crew managing to climb up on the skerry. Every single one of them perished, their friends and families meanwhile watching from the land without being able to do a single thing in their aid. After this tragedy, the shelter was built and has ever since been well maintained and stocked with woolen clothes, emergency food and torches. The emergency shelter is remniscant of the church built on the rock to protect us from the annihiliating powers of Hell. In Hákon's picture, the sea is calm and brings to mind the Gospel read at Seafarer's Day in Iceland, telling of Jesus calming the ocean and abating the storm. He brings his fishermen to shelter. A picture from the Book of Genesis also springs to mind: God separating the waters and land appearing.

In the work depicting Simon Peter's first steps on the water, an Icelandic fisherman in full gear wearing a helmet with Peter's name steps forward. Saint Peter has arrived at 66°North and the fisherman is safe and sound. Even if Peter was the rock in the group of disciples, he was also forward, brash, not always thinking before speaking. Many an Icelander has identified with Peter and found in him a trusted friend because of his humanness. It was carelessness that made Peter deny Jesus three times but because of his belief he was safe and fearless when meeting his death in Rome. At first, when trying to walk towards Jesus on the water, he sank, but after his Lord's encouragement to believe, he trod the waves easily.

Peter's ordeals by fire in the stories of the Gospels are a few. The fire or the smoke of fire is often related to the appearance of God and even points to the sacrifice made by the Lord with his death. Fire also relates to Peter's moment of fate and agony as he waited in the garden after Jesus had been arrested, warming himself by the fire. As he denied Jesus to save himself, it dawned upon him what his master had said before about his denial. A fire can be cleansing and even a symbol of the power of giving life. We cook with fire and the fire of a lighthouse guides us from peril. Fire is warming and keeps predators at a safe distance – let us not forget that in ancient times fire was one of the elements. Hákon sees fire as both destroying and life-giving at once. The sea of fire is the ocean itself, giving and taking.

The Mackerel in Dogfish Deep is an intricate picture. The fish symbolizes the church, which lies in it's Greek name: IXÞYS, that may be read as an abbreviation for Jesus Christ God's Son Redeems. A turf of mackerel could stand for the many members of the church, a great number of churches or the number of souls redeemed by Christ. A fish in Dogfish Deep is in danger because of the sharks but seeks strength in numbers, forming a huge and formidable wall. There is also a reference here to the one that catches fish with a net. Pétursfiskur (Peterfish) is a relatively recent grounding in the oceans around Iceland, a novice just like the mackerel, rather rare but considered a delicacy. The word Pétursfiskur is old in the Icelandic language, used by the fishermen for the one fish of the catch always left in the boat for good measure and to guarantee a good catch on the next trip. Dogfish Deep could also be a reference to the words Jesus spoke to Simon Peter: "Put out into deep water and let down your nets for a catch." Hákon has created many works with mackerels, naming them after different fishing grounds and deeps around Iceland, for example *Rósagarðurinn* (The Rose Garden), *Háadýpi* (High Deep) and *Paradísarhola* (Paradise Hole). She became fascinated with the mackerel when a grandchild of hers caught one while they were fishing together in the harbour of the Westman Islands. Here she presents the fish with playful tiger-like stripes in turquoise and black. Indeed it can be said that Saint Peter is by the sea, at sea and reclaimed from the sea.

*Rev. Kristján Björnsson*